

III. KAFLI  
Almenn ákvæði.

## 11. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal fara að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

## 12. gr.

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar Bolungarvíkur staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

*Umhverfissráðuneytinu, 10. júní 1998.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

---

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.***REGLUGERÐ**

**um breyting á reglugerð nr. 255/1993, um vörugjöld af eldsneyti,  
með áorðnum breytingum.**

## 1. gr.

2. málsl. 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Af blýlausu bensíni skal greiða gjald sem nemur 27,53 kr. af hverjum lítra. Af öðru bensíni skal greiða gjald sem nemur 29,29 kr. af hverjum lítra.

## 2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 28. gr. laga nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. öðlast gildi hinn 19. júní 1998 og tekur til innflutnings á bensíni sem tekið er til tollafgreiðslu frá og með þeim degi.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Þeir aðilar sem gjaldskyldir eru samkvæmt 18. gr. laga nr. 29/1993, skulu greiða bensín-gjald af óseldum bensínbirgðum sem þeir eiga þann 19. júní 1998, til viðbótar því bensín-gjaldi sem greiða skal samkvæmt reglugerð nr. 474/1997. Gjald þetta skal nema 0,93 krónum af hverjum lítra af blýlausu bensíni og 0,99 kr. af hverjum lítra af öðru bensíni og skal því skilað á sama tíma og bensín-gjaldi samkvæmt reglugerð nr. 255/1993, með áorðnum breytingum.

Hver sá, sem á eða hefur til umráða gjaldskyldar birgðir af bensíni hinn 19. júní 1998, skal ótilkvaddur tilkynna það innheimtumanni ríkissjóðs fyrir 30. júní 1998. Eigandi eða umráðamaður þess skal ótilkvaddur aðstoða við að kanna birgðir óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar.

Innheimtumaður ríkissjóðs getur krafist upplýsinga frá innflytjendum bensíns og bensín-sölum um sölu samkvæmt verslunarbókum til viðskiptamanna er fram fór fyrir 19. júní 1998.

*Fjármálaráðuneytinu, 15. júní 1998.*

F. h. r.

**Indriði H. Þorláksson.**

---

*Bergþór Magnússon.*